

# H HEIÐARSKÓLI

fréttabréf mars 2003



Vinningshafar ásamt aðstandendum keppinnar í FS.

## Stærðfræðikeppni grunnskólanna

Stærðfræðikeppni grunnskólanna fór fram í Fjölbrotaskóla Suðurnesja 26. febrúar s.l. Nemendur úr efstu þremur árgöngum allra skólanna á Suðurnesjum tóku þátt í keppninni, samtals 196, þar af 96 úr Heiðarskóla, sem hvorutveggja er meðþátttaka. Tíu efstu úr hverjum árgangi var, ásamt foreldrum sínum, boðið á lokahólf 18. mars og veitt viðurkenningarskjál FS. Nú nemendur Heiðarskóla voru þar á meðal, þrír úr 8. bekk, tveir úr 9. bekk og fjórir úr 10. bekk. Athygli vekur að sjö af níu verðlaunahöfum eru stúlkur. Flestir verðlaunahafar komu úr Grindavík en sigurvegarinn í 10. bekk var Þóra Björg Sigurþórsdóttir úr Heiðarskóla. Færum við henni innilegar hamingjuóskir fyrir frábæran árangur. Hún fékk að launum 15 þúsund krónur frá Íslandsbanka og stafrænan vasareikni frá Verkfræðistofu Suðurnesja.

### PÁSKAFRÍ

Hefst mánudaginn  
14. apríl.  
Kennsla hefst aftur  
miðvikud. 23. apríl  
skv. stundaskrá.

Allir þátttakendur keppinnar voru sigurvegarar því það eitt að vera með, sýnir bæði styrk og kjark. Heiðarskóli færir FS þakkir fyrir þann metnað sem þeir sýna nemendum okkar með óeigingjarnri sjálfböðavinnu. Sérstakar þakkir fær Kristján Ásmundsson stærðfræðikennari í FS og umsjónarmaður keppinnar hér syðra.

# SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík

## Jónas Einarsson Waldorff

Fæddur 1. apríl 1989

Dáinn 9. mars 2003



Jónas Einarsson Waldorff

Í vetur var Jónas nemandi í 8. bekk KÓ en hafði verið í Heiðarskóla frá fyrsta starfsári skólans 1999.

Hann lést í hörmulegu bíslslysi á Reykjanesbraut 9. mars s.l. Útför hans fór fram 18. mars að viðstöddu fjölmenni. Að morgni þess dags var minningarstund á sal Heiðarskóla sem Sigfús B. Ingvason prestur stjórnaði og var sú athöfn einkar hjartnæm. Um kvöldið röðuðu samnemendur Jónasar, kennarar og starfsmenn skólans sér meðfram Álsvöllum, gengt heimili móður hans og tendruðu friðarkerti

sem loguðu fram eftir kvöldi. Foreldrum nemenda áttundu bekkja eru færðar sérstakar þakkir fyrir undirbúning og aðstoð við erfidrykkju í Kirkjulundi að jarðaför lokinni. Foreldrum Jónasar og öðrum aðstandendum sendum við okkar dýpstu samúðarkveðjur. Blessuð sé minning Jónasar Einarssonar Waldorff.

## Árshátíð Heiðarskóla miðvikudaginn 2. apríl

### DAGSKRÁ

#### 1.-4. bekkur

Mæting kl. 8:10  
í heimastofur  
Dans og leikir.  
Skemmtun á sal  
Léttur málsverður  
Skóla lýkur kl. 12:00  
Ath. Skólagæslan  
hefst kl. 12:00

#### 5.-7. bekkur

Mæting kl. 11  
í heimastofur  
Skemmtun,  
diskó og leikir  
á sal skólans  
til kl. 13:00

#### 8.-10. bekkur

Mæting kl. 13  
í heimastofur  
Skemmtun,  
diskó og leikir  
á sal skólans  
til kl. 15:00

## Svipmyndir frá Öskudegi

Bæði nemendur og starfsfólk skemmtu sér konunglega á Öskudaginn og komu grínuklædd eins og vera ber.



## FRÉTTIR FRÁ FORELDRAFÉLAGINU

### ÖRUGGT SJÁLFSTRAUST

Nú hefur öllum foreldrum/foorráðamönnum barna í 4. - 10. bekk verið boðið að sækja ofangreint námskeið, sem haldið er á vegum Fjölskyldu- og félagþjónustu Reykjanesbæjar.

Foreldrafélagið hefur séð um boðun og veitingar á námskeiðunum. Námskeiðin halda svo áfram næsta haust.

### BETRI SKÓLI - BETRA SAMFÉLAG

Þriðjudaginn 26. nóvember var haldið í Heiðarskóla málþing undir heitinu Betri skóli - Betra samfélag.

Fyrirlesari var Jón Baldvin Hannesson skólaráðgjafi. Góð mæting var á þingið, svo og þátttaka í umræðum.

Að málþinginu stóðu F.F.G.Í.R. og Skólaskrifstofa Reykjanesbæjar.

### JÓLAFÖNDUR

Árvisst jólaföndur Foreldrafélagsins var haldið 30. nóvember. Þátttaka var í einu orði sagt frábær, jafnt hjá foreldrum sem nemendum. Nemendur 10. bekkja sáu um veitingar með glæsibrag, tónlist, útsögum á fígúrum og aðstoðuðu við alla framkvæmd.

Foreldrafélagið mun fljótlega afhenda þeim dágóða peningaupphæð fyrir aðstoðina en einnig runnu tekjur af veitingasöluinni óskiptar til þeirra.

Það er óhætt að segja að dagurinn hafi heppnast framar öllum vonum, nemendum og foreldrum til mikils söma.

### FORELDRASAMNINGAR

Fimmtudaginn 30. janúar s.l. voru bekkjarfulltrúar boðaðir til kynningarfundar um framkvæmd varðandi boðum og innihald "Foreldrasamninga". Einnig var farið yfir stöðu mála í hverjum bekk fyrir sig, þ.e. hvað er gert til skemmtun-ar og til að auka sam-

starf foreldra og barna.

Áætlunin var að einblína á 1. - 7. bekk, en vegna mikils áhuga foreldra barna í 8. - 10. bekk, var ákveðið að allur skólinn tæki þátt í verkefninu.

Þann 4. febrúar, s.l. mættu svo fulltrúar frá Heimili og skóla til fundar með foreldrum allra nemenda skólans ásamt kennurum og skólastjórnendum. Mjög vel gekk að leggja fram samninginn í flestum bekkjum, og er sú vinna enn í gangi.

### HANDBÓK FORELDRAFÉLAGANNA Í REYKJANESBÆ

Fimmtudaginn 27. febrúar, boðuðu Foreldrafélögin FFGÍR til kynningar- og blaðamannafundar í Kirkjulundi. Tilfnið var útkoma handbókar Foreldrafélaganna hvers fyrir sig. Í handbókunum eru settir fram starfshættir - markmið og leiðir foreldrafélaganna og er útgáfa þeirra liður í gæðaverkefninu "Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ", sem FFGÍR er aðili að. Gerð bókanna hefur hjálpað stjórnum foreldrafélaganna að tileinka sér markviss vinnubrögð sem skila sér í betra foreldrastarfi og eflir samstarf heimila og skóla, sem er æðsta markmið allra foreldrafélaga.

Handbókin er aðgengileg á heimasíðu Heiðarskóla.

Verkefnastjóri að útgáfu handbókarinnar fyrir foreldrafélagin er Helga Margrét Guðmundsdóttir, sem lagt hefur geysimikla vinnu í verkefni þetta og á hún miklar þakkir og hrós skilið fyrir.

### OLWEUS EINELTIS ÁÆTLUNIN

Föstudaginn 21. mars, voru kynntar fyrir starfsfólki skólans niðurstöður úr könnun sem gerð var í skólanum um einelti. Þetta er samstarfsverkefni fjögurra grunnskóla á Reykjanesi, þar sem farið er í

teymisvinnu eftir ákveðnum hugmyndum gegn einelti og andfélagslegri hegðun, kenndum við Dan Olweus. Fulltrúi foreldra í vinnuhópnum er Víðir Jónsson, foreldraráðsmaður. Fljótlega mun foreldrafélagið ásamt aðstandendum verkefnisins, boða foreldra til kynningarfundar í skólanum. Þetta er eitt af því sem enginn getur látið fram hjá sér fara. Einelti er ekkert einkamál, og verður aldrei liðið í Heiðarskóla.

### NETFANG FORELDRAFÉLAGSINS

Við minnum á netfangið okkar: foreldrar@hotmail.com. Ef þið hafið einhverjar hugmyndir, skilaboð, eða nánast hvað sem er varðandi skólann, sendið okkur póst.

### FJÖLSKYLDUDAGURINN

24. maí, n.k. verður haldinn okkar árlegi Fjölskyldudagur. Undirbúningur er þegar hafinn og óhætt er að fullyrða að skemmtunin verður gælsilegri en nokkru sinni áður. Allir foreldrar, nemendur, afar og ömmur! Mætum öll og gerum okkur glaðan dag, sem við geymum með okkur til haustsins, þegar skólinn byrjar aftur. Bekkjarfulltrúar verða kallaðir til skrafs og ráðagerða varðandi framkvæmdina.

### NELLIKKURNAR

Foreldrafélagið hefur ávallt fært 10. bekkjum nellið fyrir ársárið, og verður það að sjálfsgöðu einnig nú. Foreldrafélagið vill koma á framfæri þökkum til bekkjarfulltrúa, skólastjórnenda, foreldra, nemenda, starfsmanna og kennara fyrir allar fórnirnar og vel unnin störf. Það er á engan hallað að þakka Erni Bergsteinssyni húsverði sérstaklega fyrir hans aðstoð og undirbúning fyrir allar uppkomur Foreldrafélagsins.

*Stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla*

# “Það er ekki bara leikur að vera leikari”

Lagt var af stað frá Heiðarskóla í Keflavík klukkan 9.00. Við vorum 13 krakkar ásamt Guðnýju leiðbeinanda okkar. Þegar við komum í Þjóðleikhúsið tók hún Dóra (afar indæl kona) á móti okkur en hún er kynningarfulltrúi leikhússins. Dóra leiddi okkur um allt Þjóðleikhúsið og sýndi okkur t.d. undir og yfir stóra sviðinu, leikmunadeildina þar sem við sáum ýmsa leikmuni, förðunardeildina þar sem þau Ólafía Hrönn og Björgvin Franz voru í háralitun og þar voru líka margar hárkollur ofl. Næst fórum við í búningadeildina en þar voru þrjár konur að sauma og laga búninga. Við fengum líka að sjá fullt af grímmum, tigrisdýrahaus ofl.

Eftir þetta fórum við upp í mótuneytið og fengum okkur pizzur, kók og nammi á eftir. Okkur fannst ágætt fyrir hádegi en eftir hádegi var ýkt skemmtilegt.

Eftir hádegisd fórum við niður á Smíðaverkstæðið. Þar tók á móti okkur kona sem er yfir þar og einnig kom leikarinn Stefán Guðjónsson sem fræddi okkur um leiklistarnámið og líf leikara. Við fengum að vita að launin eru um 180.000 á mánuði og að leikaranám tekur alls 4 ár á Íslandi og er stúdentspróf inntöskuskilyrði, en í Bretlandi er námið 3 ár. Það að vera leikari er krefjandi vinna

*Nemendur í leiklistarvali skoða sig um í Þjóðleikhúsinu.*



og alls ekki fyrir alla. Leikarar gera líka meira en að leika á sviði þeir talsetja teiknimyndir, sumir leikstýra, ofl. Það skaðar heldur ekki að leikari geti sungið. Við fengum þarna að kynna leiklistinni betur og fengum það út að þetta er gaman, erfitt og mikil vinna.

Eftir heimsóknina á Smíðaverkstæðið fórum við yfir á æfingarsvæðið sem er í öðru húsi. Þar fengum við að fylgjast með æfingu á leikritinu Rauða spjaldið. Það voru tveir leikarar að æfa þau Rúnar og Ingibjörg ásamt leikstjóranum Kjartani Ragnarssyni en hann og konan hans Sirrý sömdu

leikritið síðastliðið sumar. Kjartan sagði að þetta væri spennuleikrit. Við sáum partinn þegar leikararnir áttu samræður um skilnað sem hafði átt sér stað á milli þeirra en Rúnar leikur atvinnumann í fótbolta og konan hans sem Ingibjörg leikur hafði haldið fram hjá honum með bróður hans. Þessar samræðumilli þeirra enduðu á mjöggrófan hátt! Þrátt fyrir það fórum við öll mjög ánægð út. Eftir þetta var farið með okkur niður á Litla sviðið og fræddumst um leikritið Rakstur sem gerist á þeim tíma er fyrstu eldflauginni er skotið á loft. Aðalleikarinn í sýningunni er Gunnar Eyjólfsson

en hann er bæjarlistamaður Reykjanesbæjar. Einnig leikur Friðrik Friðriksson í þessu leikriti en hann er héðan líka.

Það sem við krakkarnir úr 9.SN fengum út úr þessari frábæru starfskynningu er að það er ekki bara leikur að vera leikari og við erum mun fróðari um leikhústarfið eftir þessa heimsókn og værum alveg til í að fá að koma aftur á næsta ári.

Með kærri kveðju úr 9. SN Heiðarskóla Keflavík.

*Erna, Helga Dagný, Vigdís, Jóhann, Bína, Elvar, Unnur, Ívar, Erla, Margrét, Sigga, Theodor, og Próstur.*

## Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk 2002-2003


Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk hefst á „degi íslenskrar tungu“ 16. nóvember ár hvert. Þann dag minnst nemendur og kennarar Jónasar Hallgrímssonar, skálds, með veglegri dagskrá og í framhaldi fer undirbúningur „Stóru upplestrarkeppninnar“ fram.

Allir nemendur skólans eru í rauninni þátttakendur undir stjórn kennara sinna þó mesti þunginn hvíli á herðum umsjónarkennara. Nemendur í 7. bekk alls 46 tóku virkan þátt í upplestri og fram-sögn á sögutextum og ljóðum. Undankeppni fyrir lokahátíð Heiðarskóla fór fram innan hvors bekkjar fyrir sig þar sem valdir voru fjórir nemendur úr hvorum bekknum. Valið var vandasamt, allir nemendur í 7. bekk eru mjög frambærilegir framsögumenn og á lokahátíð skólans þann 21. febrúar s.l. sátu máttulega spenntir nemendur sem háðu lokakeppni í „Stóru

upplestrar-keppnina.“ Hún fór fram þann 3. mars s.l., í Njarðvíkurkirkju og fulltrúar Heiðarskóla voru þeir, Sigfús Jón Árnason úr 7. EE og Sigtryggur Kjartansson úr 7. MÓ. Segja má að innan skólans hafi verið háð hörð keppni því vissulega var erfitt fyrir þrjá dómara að velja úr hópi nemenda sem einkenast af skýrleika og trúðmennsku en nemendur lásu brot sögutexta úr bókinni; „Í pokahorninu“ eftir Karl Helgason svo og sjálfvalið ljóð.

Þeir skólabræður, Sigfús og Sigtryggur lögðu allt undir á æfingum með fagstjóra í íslensku fyrir lokahátíðina, sem var öll hin glæsilegasta með tónlistarframlagi nemenda frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar svo og upplestri 7. bekkinga úr sjö skólum á Suðurnesjum.

Hátíðin hófst með ávarpi Eiríks Hermannssonar, fræðslustjóra



*Sigfús Jón Árnason og Sigtryggur Kjartansson fulltrúar Heiðarskóla ásamt Steinunni Njálisdóttur íslenskukennara.*

Reykjanesbæjar og lauk með verðlaunaafhendingu þar sem allir þátttakendurnir, fjórtán að tölum, fengu viðurkenningu og þrír efstu vegleg verðlaun en hlutskörpust varð Fjólá Oddgeirs-dóttir úr 7. bekk Njarðvíkurskóla. Óskum við

henni til hamingju um leið og öllum 7. bekkungum Heiðarskóla eru þökkud ánægjuleg þátttaka í svo stórra upplestrarkeppni þar sem hver fékk sýna viðurkenningu sem innihélt m.a. skemmtilega tungubrjóta.

Foreldrar!

# Tökum við afgangsgarni, tölum og efni

Það hefur komið skemmtilega óvart hvað nemendur í textílmennt eru jákvæðir og sýna því sem þeir eru að gera mikinn áhuga.

Í vetur hafa textílkennarar fundið fyrir auknum áhuga hjá strákum og stelpum að læra að þrjóna. Má segja að þeir nemendur sem náð hafa tökum á þrjónaskapnum, vilji ná enn meiri færni og hafa því bætt við sig aukinni heimavinnu, þrátt fyrir að það sé ekki hluti af verkefnum vetrarins.

Það að fá foreldra, ömmur og afa inn í 4. bekk þegar verið er að kenna að þrjóna, hefur haft mikil og jákvæð áhrif

á kennsluna. Þannig hafa nemendurnir fengið mun meiri aðstoð en þeir hefðu annars fengið og er óhætt að segja að þeim hafi fyrir vikið fleygt fram.

Eitt af því sem verið er að kenna nemendum í textílmennt er að nýta og endurnýta ýmsa hluti sem til falla. T.d. læra þeir að endurvinnna pappír í kort, ramma og ýmsa nytjahluti.

Langar okkur því hér í Heiðarskóla að koma því á framfæri að textílkennarar taka á móti tölum, garni, efni og öllu sem tengist textílkennslu sem ekki nýtist heima fyrir. **Gefum garninu líf.**



Kjarnorkukonur. Komu sáu og sigruðu fyrir hönd Heiðarskóla.

Heiðarskóli:

## Grunnskólameistarar stúlkna í Reykjanesbæ

Fyrsta keppni á milli nemenda 8-10. bekkja í körfubolta var haldin á dögnum. Heiðarskóli tryggði sér sigur með miklum yfirburðum enda miklar kjarnorkukonur þar á ferð.

Lið Heiðarskóla skipuðu: Anna María, Edda Rós, Valgerður, Ágústa, Írmy og Elín Inga úr 10. bekk og Helga J., María Ben, Bryndís G., Ragnheiður og Guðrún Harpa úr 9. bekk. Þriðjudaginn 1. apríl keppa svo strákarnir í 8-10. bekk við lið hinna skólanna og er vonandi að þeir nái að tryggja

sér bikarinn eins og stelpurnar.

### Hólaskógaferð heppnaðist vel

Foreldrar 10. bekkja skipu-lögðu ferð fyrir krakkana í Hólaskóg dagana 13-14. mars. Krakkarnir gistu eina nótt og tóku þátt í forvarnadaagskrá sem byggðist á heimsóknum frá aðilum sem fjölluðu t.d. um reykingar og fíkniefni.

Ferðin heppnaðist frábærlega og var það mál allra að hegðun krakkanna hafi verið til fyrirmyndar og Heiðarskóla til mikils sóma.

# Rithöfundar í heimsókn

Rithöfundarnir Kristín Helga Gunnarsdóttir og Andri Snær Magnason heimsóttu Heiðarskóla í tengslum við lestrarátak í marsmánuði. Gerðu þau mikla lukku.

Kristín Helga las upp úr verkum sínum og talaði við yngstu nemendur skólans en Andri Snær

spallaði við unglingana. Heimsóknir þessar voru vel heppnaðar enda báðir höfundar þekktir af verkum sínum. Gera mátti meira af þessu og vekja þannig áhuga nemenda á bókmenntum svo og þeim höfundum sem nemendurnir eru að lesa bækur eftir.



Hér sést Andri Snær Magnason lesa upp úr Bónus ljóðum sínum sem vöktu mikla kátinu.

# Verðlaun veitt fyrir reykleysi

Fjórir nemendur í Heiðarskóla unnu til verðlauna, sem veitt eru reyklausum nemendum í grunnskólum landsins. Þetta voru þau Margrét Ína Bjarnadóttir 9.SN, Freyr Sigurðsson 10.IH, Íris Helga Jónatans-

dóttir 10.IH og Samúel Albert Ólafsson 10.IH. Verðlaunin eru sérhönnuð armbandsúr, sem eru merkt viðkomandi vinningshöfum. Vinningshafar þetta árið eru samtals tvö hundruð. 100 nemendur í 9. bekk og 100

nemendur í 10. bekk. Allir vinningshafarnir skrifuðu undir staðfestingu um reykleysi ásamt foreldrum / forráðamönnum og sendu til Krabbameinsfélagsins á síðasta skólaári. Mjög margar staðfestingar bárust og er

þegar búið að kanna reykleysi þessara nemenda, annað hvort hjá starfsfólki skóla eða hjá foreldrum. Við óskum vinningshöfum til hamingju með vinningana, með von um að sem flestir gerist ekki þrælur sígarettunnar.